

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík - stofnanir



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 24.10.2014
Tilv. 2014/0015 - 0.0.01
HS

Efni: Umsögn um 98. og 99. mál frá atvinnuveganefnd Alþingis

Vísað er til tölvubrúfs nefndarsviðs Alþingis, dags. 10. október 2014, þar sem Neytendastofu var gefinn kostur á að koma að umsögn við frumvarp atvinnuveganefndar um breytingar á lögum nr. 42/2009, um vishönnun vöru sem notar orku, með síðari breytingum (innleiðing tilskipunar og viðurlagaákvæði) og frumvarp atvinnuveganefndar um breytingar á lögum nr. 72/1994, um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., með síðari breytingum (innleiðing tilskipunar og viðurlagaákvæði) – EES-reglur. Þar eru m.a. lagðar fram breytingar markaðseftirliti þar sem færsla eftirlits er færð frá Neytendastofu til Mannvirkjastofnunar. Neytendastofa þakkar tækifærið til að tjá sig um málið og vill koma að eftirfarandi athugasemdum.

Af hálfu ESA og framkvæmdastjórnar ESB hefur verið bent á að fullt samræmi verði að vera á lögum á EES svæðinu og eru þær breytingar sem mælt er fyrir um í ofangreindum lögum nauðsynlegar til þess að verða við því. Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld fylgi þeirri þróun sem er í Evrópu þar sem við erum aðilar að EFTA og EES-samningnum. Það er því ljóst að ef ekki kemur til þeirrar lagabreytingar sem lagðar eru til í ofangreindum frumvörpum eru gildandi lög í ósamræmi við tilskipun Evrópusambandsins.

Neytendastofa telur ekki ástæðu til þess að gera efnislegar athugasemdir við frumvörp þessi enda um nauðsynlegar efnislegar breytingar að ræða sem að Neytendastofa hefur verið í fyrirsvari fyrir að verði gerðar, m.a. með vinnu við gerð frumvarpanna, að frátaldri tillögunni um færslu eftirlitsins frá Neytendastofu til Mannvirkjastofnunar.

Færsla eftirlits frá Neytendastofu til Mannvirkjastofnunar

Neytendastofa gegnir lykilhlutverki hér á landi á sviði markaðseftirlits með vörum. Kjarnastafsemi Neytendastofu er að hafa eftirlit með neytendavörum og að þær uppfylli kröfur laga og reglugerða sem hér á landi gilda hverju sinni um öryggi vöru, merkingar og leiðbeiningar sem skylt er að afhenda neytendum þegar vörur eru markaðssettar. Neytendastofa hefur því eftirlit með markaðstorginu, taka við ábendingum og fylgja eftir tilkynningum sem að henni berast jafn frá innlendum aðilum svo og systurstjórnvöldum á EES svæðinu.

Sú skylda hvílir á íslenskum stjórnvöldum samkvæmt framangreindum tilskipunum að tryggja að fram fari markaðseftirlit með vörum sem falla undir ákvæði laganna. Eftirlit með

ofangreindu hefur verið í höndum Neytendastofu og hefur stofnunin því mikla sérþekkingu á þessu sviði. Að halda því óbreyttu, þ.e. að færa ekki eftirlitið til Mannvirkjastofnunar líkt og lagt er til, yrði engin eðlisbreyting á verkefnum Neytendastofu þar sem að eftirlitið hefur verið hjá henni hingað til. Neytendastofa hefur reynslumikla skoðunarmenn/eftirlitsmenn á þessu sviði (sem og öðrum) sem fara í verslanir og taka út markaðseftirlit. Af þessu leiðir að að þetta getur leitt til tvíverknaðar og óskilvirkara eftirlits. Þetta leiðir þá einnig til aukins óhagræðis og kostnaðar fyrir atvinnulífið og ríkissjóð. Nefnt markaðseftirlit á því mikla samlegð með markaðseftirliti sem að Neytendastofa vinnur að í daglegri starfsemi sinni. Færsla eftirlitsins mun því minnka skilvirkni og hagkvæmni.

Þann 1. september sl. var markaðseftirlit með rafföngum fært frá Neytendastofu til Mannvirkjastofnunar. Sú færsla, sem að okkar mati hefði ekki átt að eiga sér stað, skilur eftir skarð í starfsemi stofnunarinnar, bæði hvað varðar umfang og fjárhag stofnunarinnar. Auk þessa má nefna það að rafmagnsöryggissvið Neytendastofu hefur áður verið fært til Mannvirkjastofnunar. Það eru því mikil vonbrigði að vilji sé til þess að skerða umfang og eftirlit Neytendastofu enn frekar með þessum tilfærslum. Þá hefur Neytendastofa góð tengsl við atvinnulífið enda snýst hennar daglega starfsemi um eftirlit hjá verslunum, innflytjendum eða dreifingaraðilum.

Það er mat Neytendastofu að öryggi neytenda muni verða verulega skert nái frumvarp þetta fram að ganga enda mun eftirlit af þessu tagi „týnast“ hjá Mannvirkjastofnun enda meginhlutverk hennar að hafa eftirlit með mannvirkjagerð í landinu.

Það að dreifa markaðseftirliti meira á milli stofnana felur í sér mikið óhagræði. Réttaröryggi neytenda, sem og fyrirtækja, verður minna og hætta á að mál er varða merkingar og markaðseftirlit fái mismunandi meðferð og úrlausn.

Á undanförunum fimm árum, við efnahagsþrengingar landsins, hefur reynt mjög á neytendavernd og neytendamál. Það er því mat Neytendastofu, séð frá sjónarhóli almennings og neytenda hér á landi, að ekki eigi að skera meira niður hjá Neytendastofu og neytendavernd þegar kemur að öryggi neytenda og eftirliti á markaði.

NORDSYN

Nordsyn er samstarf Norðurlandanna vegna eftirlits með orkumerkingum á vörum og vegna vistvænnar vöru sem nýtir orku. Meðal annars eru miðlaðar á milli landanna þær kannanir og prófanir sem gerðar eru á vörum. Neytendastofa sækir bæði fundi sem haldnir eru reglulega auk þess sem að stofnunin tekur þátt í símafundum sem haldnir eru, minnst einu sinni í hverjum mánuði, þar sem að hvert og eitt land gerir grein fyrir stöðunni í sínu heimalandi. Sem dæmi um verkefni á þeirra vegum sem að Neytendastofa hefur tekið þátt í þá voru kannaðir 128 ísskápar. Af þeim 128 ísskápum voru valdir 11 ísskápar sem að allir fengust á öllum Norðurlöndunum og þeir prófaðir. Tveir þeirra voru með rangar upplýsingar um árlega notkun og ranga orkumiða. Í nefndu samstarfi er Neytendastofa leiðandi með tvö verkefni. Annars vegar hvernig samvinnu tollayfirvalda og eftirlitsstjórnvalda sé best háttáð og hins vegar hvernig hagkvæmast er fyrir lítil þjóðfélög að framkvæma markaðseftirlit. Þá er nú verið að gera könnun á þekkingu dreifingaraðila á visthönnun vöru sem nýtir orku og orkumerkingum og hvaða upplýsingar þeir telja að þeir þurfi að hafa til þess að geta upplýst neytendur en mikilvægt er fyrir markaðseftirlitsyfirköld að vita hvernig best er að miðla upplýsingum til neytenda. Einnig er í samstarfinu verið að vinna að gátlistum um það hvaða kröfur hver vöruflokkur þarf að uppfylla og verða þeir þýddir á íslensku þegar því starfi er

lokið. Þá eru Norðurlöndin að kanna ágóða ríkisins á virku markaðseftirliti, í kr. talið, en markmið þessa er að kanna hver hagr ríkisins er á því að hafa markaðseftirlit. Niðurstöður þessarar könnunar eru væntanlegar í desember 2014.

Að lokum

Líkt og fram hefur komið hefur Neytendastofu verið falið eftirlit með ofangreindum lögum og reglum settum samkvæmt þeim.

- Reglugerð nr. 390/2013, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1016/2010 um kröfur varðandi vishönnun á uppþvottavélum til heimilisnota.
- Reglugerð nr. 389/2013, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1015/2010 um kröfur varðandi vishönnun vöru á þvottavélum til heimilisnota.
- Reglugerð nr. 387/2013, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 327/2011 um kröfur varðandi vishönnun viftna sem ganga fyrir hreyflum með rafinnafli á bilinu 125 W og 500 kW.
- Reglugerð nr. 294/2013, um breytingu á reglugerð nr. 579/2011, um gildistöku reglugerðar framkvæmdarstjórnarinnar (EB) nr. 245/2009, er varðar vishönnun vöru sem notar orku.
- Reglugerð nr. 293/2013, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2012 er varðar vishönnun loftræstisamstæðna og viftna.
- Reglugerð nr. 580/2011, um gildistöku reglugerðar framkvæmdarstjórnarinnar (EB) nr. 859/2009, er varðar vishönnun vöru sem notar orku.
- Reglugerð nr. 579/2011, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 245/2009, er varðar vishönnun vöru sem notar orku.
- Reglugerð nr. 578/2011, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 224/2009, er varðar vishönnun vöru sem notar orku.
- Reglugerð nr. 219/2002, um orkunýtni straumfesta til flúrlýsingar.
- Reglugerð nr. 795/2000, um orkunýtni rafknúinna kælitækja, frystitækja og sambyggðra kæli- og frystitækja til heimilisnota.

Umfang þessa eftirlits hefur farið vaxandi á ári hverju undir handleiðslu Neytendastofu. Neytendastofa hefur sinnt eftirlitinu vel þrátt fyrir að ekkert fjármagn hafi komið til stofnunarinnar úr ríkissjóði. Aukið umfang gerir stöðugt meiri kröfur til þátttöku af hálfu Íslands í samevrópskum (og norrænum) eftirlitsverkefnum sem að Neytendastofa hefur einnig sinnt af kostgæfni líkt og nánar er greint frá að ofan. Með þetta í huga er vert að benda á 13. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu þar sem fram kemur að Neytendastofu sé heimilt að fela faggiltri skoðunarstofu að framkvæma vettvangsskoðun á sviði markaðseftirlits. Forsenda slíks er þó að fjárframlög vegna þessa séu veitt stofnuninni. Þar sem slíkt hefur ekki verið gert hefur Neytendastofa sinnt eftirlitinu alfarið á eigin vegum. Með því hefur einnig skapast mikil sérþekking innan stofnunarinnar á umræddum málaflokkum. Sem dæmi má nefna að árið 2013 gerði Neytendastofa könnun á því hvort að orkumerkimiðar væru sýnilegir á heimilistækjum í raftækjaverslunum. Farið var í 14 raftækjaverslanir og skoðaðar um 300 vörur af mismunandi gerðum, þvottavélar, þurrkarar, ísskápar, frystikistur og uppþvottavélar. Þá gerði Neytendastofa einnig könnun sama ár á orkumerkingum á sjónvarpstækjum, en frá og með 15. apríl 2013 áttu sjónvörp að vera með orkumerkingum. Þá er verið að vinna í gátlistum um hvernig eigi að gera markaðseftirlit með vörum sem nýtir orku og eru seldar á netinu. Þá sinnir Neytendastofa öllum ábendingum og fyrirsprunum sem að henni berast.

Fari lagafrumvörp þessi í gegn verður það veruleg aðför að neytendavernd á Íslandi. Mikil

sérþekking er á málaflokknum hjá Neytendastofu og hefur hún tekið þátt í mörgum samstarfsverkefnum. Það eru því vonbrigði af hálfu Neytendastofu að frumvörp þessi liggi fyrir sem miða að því að veikja starfsemi Neytendastofu með þessum hætti og að ekki eigi að grafa undan starfsemi Neytendastofu sem væri óumdeilanlega niðurstaðan yrði frumvarp þetta samþykkt á Alþingi.


Að lokum vill Neytendastofa einnig benda á fyrri umsagnir sínar vegna 213. máls frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis og 187. máls frá atvinnuveganefnd Alþingis.

Óski nefndin eftir frekari upplýsingum eða gögnum er Neytendastofa reiðubúin til þess eftir því sem unnt er.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu



Tryggvi Axelsson
Forstjóri


Helga Sigmundsdóttir
Lögfræðingur